



## Minnisblað vegna svifbrautar í Hlíðarfjalli

**Halldór G. Pétursson**

Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

### - Unnið fyrir Norðurorku

Nýlega hafa verið lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi vegna hugmynda um gerð svifbrautar í Hlíðarfjalli, sem ná myndi frá athafnasvæði við Skíðastaði og upp á topp Hlíðarfjalls í um 1200 m hæð. Af því tilefni óskaði Norðurorka eftir því við undirritaðan að hann kannaði lauslega hvaða áhrif þessar framkvæmdir gætu haft á vatnsból Akureyrar í Hlíðarfjalli og vatnsverndarsvæði þeirra, og setti þær hugleiðingar niður á blað.

Vatnsból Akureyrar eru á tveimur stöðum í Hlíðarfjalli, annars vegar Hesjuvallalindir, nokkru utan við Skíðahótelíð og Glerárdalsból neðan við Hlíðarskál. Vatnið í báðum þessum vatnsbólum er talið spretta upp úr berggrunni og vera að uppruna regnvatn og leysingavatn sem hripað hefur niður í berggrunninn í fjallinu ofan við og í fjalllendinu umhverfis Vindheimajökul (Þórólfur H. Hafstað o.fl. 1994). Berggrunnurinn á þessu svæði er mun opnari en búast mætti við, miðað við aldur. Er ástæðan sú að hann hefur aldrei grafist djúpt í jörðu og þess vegna hafa holufyllingar ekki náð að myndast í neinu magni í hraunlögunum og þetta þau. Auk þess eru fornar sprungur og misgengi í berggrunninum og í fjalllendinu umhverfis Vindheimajökul hefur frostveðrun víða brotið hann upp, hugsanlega niður á nokkuð dýpi. Ekki er ljóst hve langan tíma vatnið dvelur í berggrunninum, frá því það hripar niður á Vindheimajökulssvæðinu og þar til það skilar sér út í vatnsbólunum.

Það gefur því auga leið að vatnsból af þessari gerð eru nokkuð viðkvæm með tilliti til mengunar. Það skiftir því miklu máli að menn hagi umsvifum sínum á aðrennslissvæðinu á þann hátt að þau spilli ekki gæðum neysluvatnsins. Þess vegna er ekki leyft að hafa þar birgðir af skaðvænlegum efnum, s.s. olíum, vegsalti, eiturefnum né öðrum mengunarvaldandi efnum. Umferð og öll starfsemi verða að vera undir ströngu eftirliti og byggingar, má aðeins leyfa í litlum mæli og að uppfylltum ströngum kröfum um mengunarvarnir. Gilda þessar reglur um svonefnd grann- og fjarsvæði vatnsbóla, en skilgreiningar þessara flokka er að finna í heilbrigðisreglugerð (nr. 149/1990 með breytingu nr. 285/1990).

Nú er svo að fyrirhugaðar framkvæmdir liggja ekki á afmörkuðum verndarsvæðum vatnsbólanna, en endastöðin á fjallstoppnum er aðeins norðan við mörk fjarsvæðis Glerárdalsbóla. Það er því vatnið í Glerárdalsbólum sem þessar framkvæmdir geta haft áhrif á, en aðrennslissvæði Hesjuvallalinda er talið utan áhrifasvæðisins. Þá má geta þess að fyrirhugaðar framkvæmdir eru á aðrennslissvæði vatnsmikilla linda í

Reithólum. Fram að þessu hafa ekki verið uppi miklar hugmyndir um að nota þær sem vatnsból, ef til vill vegna þess að þær eru innan skíðasvæðisins. Ef til vill má segja að menn hafi verið of hógværir og ekki séð fyrir mögulegar framkvæmdir uppi á Hlíðarfjalli, þegar verndarsvæði vatnsbólanna voru afmörkuð, og rétt hefði verið að láta fjarsvæði vatnsbólanna ná yfir allt mögulegt aðrennslissvæði Hesjuvallalinda og Glerárdalsbóla. Ef svo hefði verið gert þá hefði fjarsvæðið náð yfir meginhluta fjallendisins umhverfis Vindheimajökul, allt niður undir 500-600 m hæð.

Þar með er ekki sagt að rétt sé að leggjast gegn þessum framkvæmdum á fjallinu. Þær ættu ekki að koma að sök, ef skynsamlega er staðið að þeim. Að sjálfsögðu ætti engum úrgangi né spilliefnum að farga á fjallstoppnum. Hann verður allan að flytja niður bæði meðan á framkvæmdum stendur og eftir að svifbrautin er komin í notkun. Í þessu sambandi má geta þess að útivistarsvæði Reykvíkinga í Bláfjöllum er á vatnsverndarsvæði borgarinnar og aðstæður þar og í Hlíðarfjalli eru sambærilegar. Þær reglur sem settar hafa verið um framkvæmdir, umferð og umgegni fyrir sunnan má hafa til hliðsjónar þegar fjallað er um Vindheimajökulssvæðið og topp Hlíðarfjalls. Ef fyrirhugaðar eru frekari framkvæmdir eða umsvif í tengslum við svifbrautina innar á fjallstoppnum, eins og t.d. veitingahúsbyggingar eða akstur með ferðamenn, þá tel ég rétt að kanna betur jarðfræði- og vatnafræðilegar aðstæður á fjallinu áður en ráðist verður í þær framkvæmdir. Hugsanlegt er að sprungur og misgengi stjórnri á einhvern hátt niðurstreymi vatns á svæðinu og því æskilegt að kortleggja þær. Þá væri einnig æskilegt að hanna vatnafræðilegt líkan af grunnvatnsrennsli í Hlíðarfjalli, en það er nokkuð mál og kostnaðarsamt.

Óþarfi ætti að vera að minna á hve hagkvæm vatnsbólin í Hlíðarfjalli hafa reynst Akureyringum. Ekki er víst að eins góð og hagkvæm vatnsból finnist í nágrenni bæjarins ef t.d. Glerárdalsból spillast. Ég tel því hér vera mikla hagsmuni í húfi fyrir alla aðila og nauðsynlegt að framkvæmdir séu gerðar af skynsemi og varúð. Að lokum má geta þess að til skamms tíma var stundaður útflutningur á vatni úr Glerárdalsbólum á vegum Mjólkursamlagsins. Svo ströng skilyrði hafa verið sett í Bandaríkjunum, hvað snertir sölu og markaðsetningu á svonefndu hágæðavatni að ekki er víst að framkvæmdir og umsvif á fjallstoppnum geti fallið saman við framtíðar útflutning, en það atriði er rétt að kanna betur.

22.01.2001/HGP

**Heimildir:**

Pórólfur H. Hafstað, Halldór G. Pétursson og Freysteinn Sigursson 1994: Vatnsveita Akureyrar, vatnsból og vatnsvernd. Orkustofnun, OS-94059/VOD-05. 46 bls.